

Föstudaginn 4. október 1991.

Nr. 159/1991. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Tryggva Rúnari Leifssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög. Akstur án ökuréttinda.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. apríl 1991 að ósk ákærða. Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms og að ákærði verði jafnframt dæmdur til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar.

Af hálfu ákærða er krafist vægustu refsingar, sem lög leyfa. Þá er og krafist málsvagnarlauna.

Staðfesta ber sakfellingu ákærða og færslu brota til refsíákvæða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann frá árinu 1985 tvívegis gengist undir dómsátt um sektargreiðslu fyrir að aka bifreið sviptur ökuréttindum. Þá hefur hann frá sama tíma hlotið fjóra refsídóma, þar sem hann er fundinn sekur um sömu háttsemi auk ölvunar við akstur í þrjú skipti og í fjórða tilvikinu um brot gegn 4., 10. og 20. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Með hliðsjón af framangreindu og atvikum málsins verður refsing ákærða ákveðin fangelsi í tvo mánuði. Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað. Þá verður ákærði dæmdur til þess að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Tryggvi Rúnar Leifsson, sæti fangelsi í tvo mánuði.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað á að vera óraskað. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, að fjárhæð 25.000 krónur, og málsvagnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 22. mars 1991.

Ár 1991, föstudaginn 22. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 151/1991: Ákærvaldið gegn Tryggva Rúnari Leifssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 14. mars sl., á hendur Tryggva Rúnari Leifssyni, Grýtubakka 10, Reykjavík, kt. 021051-2179, „fyrir að aka að kvöldi fimmtudagsins 24. janúar 1991, sviptur ökuréttindum ævilangt, bifreiðinni X-2734 frá Sævarsvídeói við Höfðatún í Reykjavík áleiðis að heimili sínu, uns lögreglan stöðvaði akstur hans í Sæ-túni.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Málavextir.

Fimmtudaginn 24. janúar síðastliðinn um kl. 21.30 veittu lögreglumenn í Reykjavík, sem voru í eftirlitsferð, bifreiðinni X-2734 athygli, þar sem henni var ekið norður Höfðatún og beygt áleiðis austur Sæbraut. Stöðvuðu þeir akstur bifreiðarinnar á Sæbraut við Höfðatún til að kanna ökuréttindi ökumanns. Í viðræðum við ökumann, ákærða í máli þessu, kom fram, að hann væri sviptur ökuréttindum. Var hann því færður á lögreglustöðina við Hverfisgötu til yfirheyrslu hjá varðstjóra.

Við rannsókn og meðferð málsins hefur ákærði viðurkennt, að fimmtudagskvöldið 24. janúar sl. hafi hann ekið bifreiðinni X-2734, sviptur ökuréttindum ævilangt, frá Sævarsvídeói við Höfðatún í Reykjavík áleiðis að heimili sínu, uns lögreglan stöðvaði akstur hans á Sæbraut.

Niðurstaða.

Með afdráttarlausri játningu ákærða og öðrum gögnum málsins telst sannað, að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali. Varðar framanlýst háttsemi ákærða við 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann frá árinu 1969 til ársins 1986 hlotið tólf refsidóma í héraði fyrir ýmis hegningar- og umferðarlagabrot. Auk þess hefur hann fimm sinnum sæst á sektargreiðslur vegna áfengis- og umferðarlagabrota. Frá árinu 1987 er sakaferill ákærða sem hér segir:

1987 16/9 45 daga varðhald fyrir brot gegn 25. og 27. gr. umferðarlaga. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt.

- 1988 5/5 45 daga fangelsi, skb. 3 ár, fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.
- 1988 7/10 3 mánaða fangelsi fyrir brot g. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 45. gr., 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga. Svíptur ökul. ævilangt.
- 1989 2/9 Reynslulausn í 1 ár á eftirstöðvum refsingar, 45 dögum.
- 1990 31/8 2 mánaða fangelsi fyrir brot g. 1. mgr. 155. gr. alm. hgl. 45 daga reynslulausn frá 2.9. '89 dæmd með.
- 1990 26/11 30 daga fangelsi, hegningarauki, f. brot g. 4., 10., 20. og 1. mgr. 48. gr. umfl.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga. Þykir refsing ákærða með hliðsjón af sakaferli hans hæfilega ákveðin fangelsi þrjá mánuði.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Tryggvi Rúnar Leifsson, sæti fangelsi þrjá mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.